

Heiti verkefnisins	Undirbúningur að stofnun Velferðartæknimiðstöðvar
Númer verkefnis	2021-1
Markmið	Safna saman þekkingu og miðla þekkingu í velferðar- og heilbrigðismálum til stofnanna og sveitarfélaga á starfssvæði SSNE.
Stutt verkefnalýsing  (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Verkefnið felur í sér loka undirbúning og stofnun velferðartæknimiðstöð (Veltek) í samstarfi við sveitarfélög og stofnanir á Norðurlandi. Unnin hefur verið frumskýrsla sem byggt verður á, í henni er að finna verk- og kostnaðaráætlun. Stefnt er að því að Veltek muni hefja starfsemi á árinu 2021.</p> <p>Norðurland og Akureyri eru út frá stærð og staðsetningu, í mjög góðri aðstöðu að miðla af reynslu af nýsköpunar og þróunarverkefnum á sviði velferðartækni, fjarvinnslu og kennslu. Sú staða skapar þekkingargrunn velferðarmiðstöðvar og getur stuðlað að hraðari og markvissari innleiðingu og notkun á velferðartækni og fjarheilbrigðisþjónustu svo dæmi sé tekið.</p> <p>Verkefnið mun snúast um að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinna að frekari fjármögnun til áframhaldandi þróunar m.a. í Stefnumótandi byggðaaætlun, Byggðastofnun og ráðuneytum.</li> <li>• Halda áfram með og dýpka samtali við sveitarfélögin um samstarfið og þróun verkefnis.</li> <li>• Halda vinnustofur með hagaðilum. Greina betur þarfir og fá enn skýrari sýn á verkefnið.</li> <li>• Stuðla að virkri umræðu og kynningu á velferðartækni á Norðurlandi á verkefnistímanum.</li> <li>• Læra af þeim velferðartækniverkefnum sem eru nú þegar í gangi innan HSN og öðrum stöðum, tengja saman og miðla þekkingu og reynslu.</li> <li>• Stofna Veltek</li> </ul> <p>Þegar er starfandi stýrihópur Veltek og er áformað að hann verði það áfram og fengnir verði fleiri/eða aðrir aðilar í hópinn eða skipaðir vinnuhópar, allt eftir því á hvaða stigi verkefnið er.</p> <p>Vonast er til að þetta verkefni geti hjálpað til við að hrinda af stað vitundarvakningu og innleiðingu á lausnum og vinnulagi á sviði velferðartækni og marki grundvöllinn að samstarfi um velferðartæknimiðstöð sem geti verið til hagsbóta fyrir samfélagið í heild.</p>
Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.)	Heilbrigðisráðuneyti Félagsmálaráðuneytið Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið
Framkvæmdaaðili	SSNE
Samstarfsaðilar	Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Öldrunarheimili Akureyri, Sjúkrahúsið á Akureyri, Háskólinn á Akureyri, sveitarfélög, önnur landshlutasamtök, ráðuneyti og mögulega fleiri.

Tengsl við sóknaráætlun	<p>Atvinna og nýsköpun. Bls. 9, „Gera meira af“</p> <p>1. Auka tengsl háskóla og sjúkrahúss við atvinnulíf. 2. Styrkja markvissar við nýsköpun. 3. Auka samstarf sveitarfélaga. 5. Fjölga sérfræðistörfum hins opinbera. 8. Styrkja innviði; fólk, gögn, þjónusta, rafmagn.</p> <p>Atvinna og nýsköpun. Bls. 9, „Byrja að“</p> <p>5. Nýta tækifæri í fjórðu iðnbyltingunni.</p> <p>Atvinna og nýsköpun. Bls. 9, „Hætta að“</p> <p>1. Notast við gamlar aðferðir í síbreytilegu samfélagi. 2. Gera sömu hlutina á tveimur stöðum. . 4. Etja saman tveimur svæðum.</p> <p>Atvinna og nýsköpun. Bls. 13, „Við viljum“</p> <p>1. Fjölga atvinnutækifærum og starfandi fyrirtækjum á svæðinu með fjölbreytni stofnenda að leiðarljósi. 2. Fjölga sérfræðistörfum hins opinbera í landshlutanum. 3. Fjölga einstaklingum sem sinna störfum án staðsetningar í landshlutanum. 9. Efla Háskólann á Akureyri og Sjúkrahúsið á Akureyri</p> <p>Atvinna og nýsköpun. Bls. 14, „Við viljum“</p> <p><b>4. Hvetja til nýsköpunar í matvælatækni og velferðartækni. 6. Stuðla að nýsköpun í öldrunarþjónustu.</b></p> <p>Umhverfismál. Bls. 25 „Byrja að“</p> <p><b>5. Auka orkusparnað í atvinnulífi og samgöngum.</b></p>
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	<p>Heilsa og vellíðan, undirmarkmið 3.8</p> <p>Menntun fyrir alla, undirmarkmið 4.4</p> <p>Góð atvinna og hagvöxtur, undirmarkmið 8.2</p> <p>Nýsköpun og uppbygging, undirmarkmið 9.1 og 9.5</p> <p>Aukinn jöfnuður, undirmarkmið 10.2</p> <p>Sjálfbærar borgir og samfélög, undirmarkmið 11.a</p> <p>Samvinna um markmiðinn, undirmarkmið 17.17</p>
Árangursmælikvarðar	<p>Ráðinn verður í eitt stöðugildi til eins árs.</p> <p>Stjórn mynduð með formlegum hætti.</p> <p>Velferðartæknimiðstöð stofnuð.</p> <p>Fjármögnun verkefnisins út árið 2023 liggi fyrir.</p>
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	<p>Veltek – velferðartæknimiðstöð mun hefja rekstur í lok verkefnastímans.</p> <p>Fjármögnun reynslutíma til tveggja ára verði tryggð.</p> <p>Verkefnið verði með skýra sýn, markmið og tilgang.</p>
Upphaf og lok verkefnis	<p>Verkefnið nær yfir 12 mánuði og getur hafist mjög fljótlega eftir að fjármögnun liggur fyrir.</p>
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	<p>Heildarkostnaður þessa áfanga verkefnisins er metin á um 10 milljónir, Felur eingöngu í sér laun verkefnastjóra. Vísað er í frumskýrslu VELTEK það sem heildarkostnaður hefur verið metinn.</p>
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2021 og á hverju ári eftir það, ef við á)	<p>Kr. 10.000.000, -</p>
Mótframlag (ef við á)	
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	<p>Stefnumótandi byggðaáætlun.</p> <p>Heilbrigðisstefna Íslands til 2030 – markmið um t.d. að landsmenn hafi tæknilega möguleika á heimilum sínum til þess að komast í samband við heilbrigðisþjónustu óháð búsetu og samskipti þar sem fjarheilbrigðistækni er nýtt</p>